

Meðfylgjandi á viðhengi er fundargerð 184. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Jafnframt er vísað í tillögu formanns og framkvæmdastjóra SASS varðandi uppgjör til Brúar lífeyrissjóðs vegna A-deildar og var send ykkur í tölvupósti síðar sama dag og fundur heilbrigðisnefndarinnar var haldinn eða þann 25. janúar sl. og er einnig í viðhengi en sú tillaga hljóðar þannig:

*Tillaga formanns og framkvæmdastjóra SASS er að hvert sveitarfélagi geri upp, á þessum grunni, við samtökin og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands þannig að hægt sé að gera upp við lífeyrissjóðinn fyrir viðkomandi stofnanir.*

Heilbrigðisnefndin ræddi einnig þennan möguleika á fundi sínum og tekur undir þetta.

Bókun heilbrigðisnefndar er í þá veru að heimila framkvæmdastjóra lántöku ef málin myndu þróast þannig, en kemur ekki til afgreiðslu sveitarstjórnar ef ofangreint er samþykkt.

Bókun nefndarinnar er undir lið 1.g) :

„Umræður urðu um lífeyriskröfur frá Brú lífeyrissjóði og eftirfarandi bókun gerð:

*Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 35 mkr., til allt að 38 ára. Er lánið tekið til að fjármagna uppgjör Heilbrigðiseftirlits Suðurlands vegna A-deildar Brúar lífeyrissjóðs sbr. breytingar á lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem hefur þessi áhrif á A-deild Brúar lífeyrissjóðs. Verkefnið fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3. gr. laga um stofnum opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.*

Jafnframt er Sigrínu Guðmundsdóttur, kt. [041060-2639](#), framkvæmdastjóra, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga og til að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari